

Gatnamálastjórinn í Reykjavík  
Sigurður I. Skarphéðinsson  
Skúlatún 2  
105 Reykjavík

2000090021  
0000; 9310

Reykjavík, 6. október 2000  
/--

**Efni: Endurgerð og færsla Njarðargötu í Vatnsmýri, Reykjavík. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis gatnamálastjóra Reykjavíkurborgar dags. 7. september 2000 þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu endurgerðar og færslu Njarðargötu í Vatnsmýri, Reykjavík.

Skipulagsstofnun leitaði álits borgarráðs, Náttúruverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Álit bárust frá borgarráði með bréfi dags. 3. október 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 29. september 2000 og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 25. september 2000. Í kjölfar álita bárust Skipulagsstofnun einnig frekari upplýsingar gatnamálastjóra með bréfi dags. 2. október 2000.

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum gatnamálastjóra kemur fram að um er að ræða endurgerð og færslu Njarðargötu á kafla frá Hringbraut til suðvesturs að Eggertsgötu, samtals um 650 m. Gatan er skilgreind sem tengibraut samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016. Fyllingar og burðarlög munu koma úr viðurkenndum námum sem þegar eru í notkun á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavíkurtjörn og Vatnsmýrin eru á náttúruminjaskrá og heyra undir borgarvernd samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016.

**Umhverfisáhrif**

Það er álit framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Samkvæmt umferðarspá sé ekki gert ráð fyrir að umferð aukist um Njarðargötu og því ætti framkvæmdin að hafa lítil áhrif á loftmengun og hávaða. Áhersla verði lögð á að jarðrask verði sem minnst við byggingu götunnar. Framkvæmdin sé talin litlu skipta fyrir fuglalíf

svæðisins. Einnig kemur fram það álit framkvæmdaraðila að endurgerð og færsla Njarðargötu breyti ekki grunnvatnsástandi svæðisins og þar með innrennsli til Reykjavíkurtjarnar. Stefnt sé að því að regnvatn götunnar verði tekið í niðurföll og safnleiðslu og því hleypt aftur út í nálæga skurði. Ef slíkt fyrirkomulag reynist illa muni framkvæmdaraðili gera ráðstafanir til að koma regnvatninu í holræsakerfi borgarinnar.

Borgarráð telur umhverfisáhrif fyrirhugaðrar endurgerðar og færslu á Njarðargötu í Vatnsmýri ekki verða umtalsverð og skuli framkvæmdin því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða endurgerð og færslu á Njarðargötu og telur að framkvæmdin muni ekki hafa teljandi neikvæð áhrif á umhverfið á þessum slóðum.

Að áliti Náttúruverndar ríkisins geta fyrirhugaðar framkvæmdir haft áhrif á svæði sem fellur undir almenna borgarvernd og er jafnframt á náttúruminjaskrá. Vekur stofnunin athygli á því að endurbygging og færsla Njarðargötu muni m.a. skera skurði sem veita vatni inn í Tjörnina. Þá muni gatan verða lögð um óræktað svæði sem sé nú mikilvægt varpland andfugla og mófugla. Náttúruvernd ríkisins telur rétt að sem mótvægisáðgerð við fyrirhugaða byggingu og færslu Njarðargötu verði strax girt af það land sem ætlað sé undir friðlandið. Þannig megi að einhverju leyti vinna upp það varpland sem tapist við framkvæmdirnar. Náttúruvernd ríkisins bendir á að nauðsynlegt sé að skoða allar fyrirhugaðar framkvæmdir á vatnasviði Tjarnarinnar í heild sinni, þ.e. færslu Njarðargötu og Hringbrautar, og huga að því hvernig hægt verði að standa að framkvæmdum þannig að vatnsstreymi til Tjarnarinnar skerðist ekki eða heftar aðkomuleiðir fugla að henni. Stofnunin bendir á að ekki sé skilgreint hvað átt er við með viðurkenndum námum og því ekki ljóst við hvaða námur sé átt.

Náttúruvernd ríkisins fellst á að ekki fari fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar að því tilskildu að:

1. Lagðar verði fram tillögur að tæknilegum útfærslum á lagningu fyrirhugaðra vega (Njarðargata og Hringbraut) sem tryggja eiga vatnsrennsli og aðkomuleiðir fyrir fugla inn á svæðið.
2. Samtímis verði hafnar framkvæmdir við að fylgja eftir samþykktu deiliskipulagi varðandi stærð friðlands fyrir fugla. Við þær aðgerðir verði haft samráð við sérfræðinga sem fylgst hafa með fuglalífi tjarnarinnar, s.s. starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að unnið sé að heildarlausn vegna afrennslis ofanvatns af svæðinu. Markmiðið sé að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á vatnsbúskap í mýrinni. Sennileg lausn sé að leiða ofanvatn eftir lögnum í tjarnir sem þegar séu á svæðinu eða verði gerðar síðar. Til skoðunar sé hvort krafist verður olúgildru vegna afrennslis af bifreiðastæðum. Einnig kemur fram að framkvæmdaraðili telur ekki ástæðu til að gera ráðstafanir til að tryggja aðkomuleiðir fugla frá flugvallarsvæðinu að friðlandinu í Vatnsmýrinni þar sem svæðið austan við Njarðargötu sé fyrirhugað sem byggingarsvæði eða helgunarsvæði mannvirkja. Hugað verði að aðkomuleiðum fugla frá friðlandinu að Tjörninni þegar færsla Hringbrautar verður hönnuð. Fram kemur að svæðið vestan við núverandi friðland í Vatnsmýrinni sé innan lóðar Háskóla Íslands og framkvæmdir

þar séu því óháðar endurbyggingu og færslu Njarðargötu.

## Niðurstaða

Um er að ræða breytingu á tengibraut í þéttbýli sem samkvæmt 6. gr. og lið 13.a. í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og að fengnu álit borgarráðs, Náttúruverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur telur Skipulagsstofnun að endurgerð og færsla Njarðargötu í Vatnsmýri í Reykjavík skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur að hægt sé að tryggja vatnsrennsli til Tjarnarinnar og aðkomuleiðir fyrir fugla inn á svæðið með samvinnu framkvæmdaraðila og Náttúruverndar ríkisins skv. lögum um náttúruvernd.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. nóvember 2000.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Andrésdóttir

Fylgiskjöl:

1. Álit Borgarlögmanns dags. 3. október 2000.
2. Álit Náttúruverndar ríkisins, dags. 29. september 2000.
3. Álit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 25. 2000.

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til gatnamálastjóra:

Umhverfisráðuneytið

Borgarráð

Náttúruvernd ríkisins

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur